Fundargerð 461. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 12. apríl 2023 kl. 13:30. Fjarfundur í Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR sem einnig ritaði fundargerð, Hilmar Vilberg Gylfason lögfræðingur Bændasamtaka Íslands mætti í stað Gunnars Þorgeirssonar formanns Bændasamtaka Íslands (BÍ), Unnsteinn Snorri Snorrason, nefndarmaður og sérfræðingur hjá BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður deildar kúabænda innan BÍ.

Þetta var gert:

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir 458, 459 og 460 fundar lagðar fram til kynningar en hafa þegar verið samþykktar af nefndinni og birtar á vef matvælaráðuneytisins.

2. Starfsreglur framkvæmdanefndar

Lagðar fram til afgreiðslu tillögur að uppfærðum starfsreglum framkvæmdanefndar.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Erindi frá SAM

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði leggja til við framkvæmdanefnd búvörusamninga nýtt vörunúmer og reiknaða ríkisstuðla fyrir vöruna ketóbotn. Óskað er eftir staðfestingu framkvæmdanefndar.

Tillagan var samþykkt.

4. Erindi frá Berustaðabúinu ehf.

Upplýsingabeiðni vegna uppgjörs á umframmjólk 2021.

Erindið lagt fram til kynningar.

5. Erindi frá Bændasamtökum Íslands

a) Ráðstöfun hluta fjármuna af framleiðslujafnvægislið nautgripasamnings 2023

Tillaga um ráðstöfun fjármuna til framleiðslujafnvægis nautgriparæktar 2023 til verkefnisins erfðamengisúrval í íslenskri nautgriparækt. Lagt til að ráðstafa alls kr. 53.000.000 til verkefnisins. Skiptist kostnaðurinn við verkefnið í tvennt, 38.000.000 krónur vegna greininga sýna og 15.000.000 króna vegna áframhaldandi þróunar á verkefninu.

Tillagan var samþykkt.

Óráðstafað af framleiðslujafnvægislið nautgripasamnings 2023 eftir samþykkt tillögunnar eru kr. 72.396.650

b) Þróunarfé garðyrkju 2023

Tillaga um ráðstöfun fjármuna til þróunarverkefna í garðyrkju 2023 (fyrri úthlutun 2023). Lagt til að mat fagráðs á umsóknum verði samþykkt. Í því felst að samþykkja styrki til 6 verkefna, samtals að upphæð kr. 36.936.701.

Tillagan var samþykkt.

Óráðstafað af þróunarfé garðyrkjusamnings 2023 eftir samþykkt tillögunnar eru kr. 19.243.929.

Framkvæmdanefndin fer fram á það við fulltrúa BÍ fyrir hönd fagráðs í garðyrkju, að framvegis fylgi tillögu ráðsins ítarlegri umsagnir um verkefnin. Þessi beiðni hefur áður verið komið á framfæri. Fulltrúar BÍ tóku að sér að koma þeim skilaboðum til fagráðsins.

Nefndin telur einnig mikilvægt að samræma verklag við úthlutun styrkja af þróunarfé búgreina.

6. Önnur mál

Rætt var um vinnu við árleg uppgjör búvörusamninga en fram kom að það yrði einnig rætt við endurskoðun þeirra á þessu ári.

Næsti reglubundni fundur er áætlaður miðvikudaginn 10. maí 2023 kl. 13:00

Fundi slitið 13:52.